

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mátis ohf. Vínlandsleið 12



Dags eftirlits	4.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Mátis ohf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vínlandsleið 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670906-0190	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Elísabet Eik Guðmundsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur H. Friðjónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Mátis til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram en tvær ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Mátis fyrir afmarkaða starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki 1 að Vínlandsleið 12 og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)
4. Skoðunarferð

Nýtt leyfi var gefið út 9. apríl 2019 og gildir til 28. febrúar 2023. Umfang starfseminnar hefur ekki breyst frá útgáfu leyfisins og breytingar ekki fyrirhugaðar. Unnið er með mismunandi örverur eftir því sem þörf er á í tengslum við verkefni rekstraraðila.

Farið var yfir skráningar og meðhöndlun úrgangs, sem og innra eftirlit rekstraraðila. Rekstraraðila var bent á að bæta skráningar á úrgangi, sbr. gr. 2.1, og setja upp skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga þar sem við á, sbr. gr. 3.1.

Skipulag og verkferlar eru að öðru leyti fullnægjandi, vinnusvæði allt skipulagt og snyrtilegt og rekstraraðili meðvitaður um mikilvægi þess að rýna með reglubundnum hætti þá ferla sem unnið er eftir.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að bæta skráningar á úrgangi, sbr. gr. 2.1, sem og að setja upp skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga eftir því sem við á. Rekstraraðili hefur gert úrbætur vegna þessa.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið Björn Þór Aðalsteinsson.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.03.2021

Sigríður Magnúsdóttir